

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (fyrirkomulag greiðslna).

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020.

1. gr.

Í stað orðanna „skulu koma“ í 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: skulu eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á fyrrnefndum greiðslum á grundvelli laga þessara, óháð því hvenær börn þeirra fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt fóstur, og skulu greiðslurnar koma.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III og IV í lögnum falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022.

3. gr.

Í stað orðanna „skulu koma“ í 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: skulu eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á fyrrnefndum greiðslum á grundvelli laga þessara, óháð því hvenær barnsmissir, andvanafæðing, fósturlát eða makamissir á sér stað, og skulu greiðslurnar koma.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II og III í lögnum falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur fram að ríkisstjórnin hafi í hyggju að gera breytingar á fæðingarorlofskerfinu til að styrkja afkomuöryggi fjölskyldna og er frumvarp þetta einn liður í því.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Frá setningu laga um fæðingar- og foreldraorlof hafa breytingar á fjárhæðum greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi alla jafna miðast við foreldra barna sem fæðast, eru frumættleidd eða

tekin í varanlegt föstur eftir tiltekna dagsetningu hverju sinni. Í ljósi framangreinds hafa foreldrar barna sem fæðast rétt eftir að fjárhæðum er breytt fengið hærri hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en foreldrar barna sem fæðast rétt áður en fjárhæðum er breytt. Sem dæmi má annars vegar nefna foreldra barns sem fæðist 31. desember fyrra árs og hins vegar foreldra barns sem fæðist 1. janúar næsta árs á eftir og fjárhæðum innan fæðingarorlofskerfisins hefur verið breytt um áramót. Þannig hafa þeir foreldrar sem eignast barn rétt áður en hækkun tekur gildi ekki átt rétt á þeirri hækkun heldur einungis þeirri fjárhæð sem var í gildi þegar barnið fæddist. Er frumvarpinu ætlað að tryggja að breytingar á greiðslum innan fæðingarorlofskerfisins eigi við um alla foreldra sem nýta rétt sinn innan kerfisins á sama tíma óháð því hvenær barn fæðist, er frumættleitt eða tekið í varanlegt föstur.

Mikilvægt þykir að fjárhæðir á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, og laga um sorgarleyfi, nr. 77/2022, séu þær sömu á hverjum tíma þannig að foreldrar sem verða fyrir barnsmissi á þeim tíma sem þeir nýta rétt sinn til fæðingarorlofs verði ekki fyrir tekjufalli við það að fá greiðslur í sorgarleyfi eftir barnsmissinn í stað greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Í ljósi þess þykir jafnframt mikilvægt að í frumvarpi þessu verði lagðar til breytingar á lögum um sorgarleyfi þannig að breytingar á fjárhæðum greiðslna á grundvelli laganna eigi við um alla foreldra sem nýta rétt sinn samkvæmt lögnum óháð því hvenær barnsmissir, andvanafæðing, fösturlát eða makamissir á sér stað.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er lagt til að breytingar á fjárhæðum greiðslna til foreldra sem nýta rétt sinn innan fæðingarorlofskerfisins miði ekki lengur við fæðingardag barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt föstur heldur skuli slíkar breytingar eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á slíkum greiðslum sem og ónýttan rétt innan kerfisins er breytingarnar taka gildi. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að fjárhæðir greiðslna á grundvelli laga um sorgarleyfi skuli eiga við um alla foreldra sem nýta rétt sinn samkvæmt lögnum, óháð því hvenær barnsmissir, andvanafæðing, fösturlát eða makamissir á sér stað.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp þetta þykir ekki fela í sér álitæfni sem kalla á sérstaka umfjöllun um samræmi við Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarp þetta var unnið í félags- og húsnaðismálaráðuneytinu í samráði við Vinnumálastofnun sem fer með framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof sem og laga um sorgarleyfi. Áform um frumvarpið voru kynnt öðrum ráðuneytum í hefðbundnu innra samráði milli ráðuneyta. Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is frá og með xxx og var veittur frestur til og með xxx til að veita umsagnir um áformin (mál nr. S-xxx).

6. Mat á áhrifum.

Fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 að ríkisstjórnin hafi í hyggju að gera breytingar á fæðingarorlofskerfinu til að styrkja afkomuöryggi fjölskyldna og eru breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu einn liður í því.

Efni frumvarps þessa snertir foreldra sem nýta sér áunnin rétt innan fæðingarorlofskerfisins. Enn fremur snertir efni frumvarpsins foreldra sem nýta sér áunnin rétt

á grundvelli laga um sorgarleyfi. Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof sem og laga um sorgarleyfi og annast stofnunin umsýslu í tengslum við Fæðingarorlofssjóð. Við mat á áhrifum frumvarpsins, verði það óbreytt að lögum, er því m.a. byggt á upplýsingum og gögnum frá Vinnumálastofnun, þ.m.t. tölulegum upplýsingum um nýtingu foreldra á rétti til fæðingarorlofs annars vegar og sorgarleyfis hins vegar.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar nýta mæður rétt sinn til fæðingarorlofs í ríkari mæli en feður strax eftir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Tölur Vinnumálastofnunar sýna jafnframt að mæður nýta í ríkari mæli en feður sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs. Þá sýna tölur Vinnumálastofnunar að feður nýta almennt rétt sinn innan fæðingarorlofskerfisins þegar barn er orðið eldra en foreldrar hafa 24 mánuði eftir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur til að nýta sér rétt sinn innan kerfisins. Má því jafnframt ætla að breytingar til hækkunar á fjárhæðum innan fæðingarorlofskerfisins komi til með að nýtast feðrum betur en mæðrum. Á það ekki síst við þar sem af tölum Vinnumálastofnunar má sjá hægfara breytingu síðustu ár á hlutfallslegum fjölda umsókna feðra af umsóknum mæðra um greiðslur í fæðingarorlofi í takt við hækkun á mánaðarlegum hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Áætluð fjárhagsáhrif á ríkissjóð vegna frumvarps þessa, verði það óbreytt að lögum, eru aukin útgjöld um 300 m.kr. vegna þeirra breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem lagðar eru til í frumvarpinu. Fjárhagsáhrif á ríkissjóð vegna þeirra breytinga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á lögum um sorgarleyfi eru metin óveruleg og er gert ráð fyrir að þau rúmist innan núverandi fjárheimilda vegna greiðslna á grundvelli laga um sorgarleyfi.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 54. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof er kveðið á um að fjárhæðir greiðslna til foreldris úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslna fæðingarstyrks skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Hér er lagt til að tekið verði sérstaklega fram í ákvæðinu að umræddar fjárhæðir skuli eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á fyrrnefndum greiðslum á grundvelli laganna, óháð því hvenær börn þeirra fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt fóstur.

Um 2. gr.

Í ljósi breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarps þessa, eiga ákvæði til bráðabirgða III og ákvæði til bráðabirgða IV í lögnum ekki lengur við. Hér er því lagt til að fyrrnefnd ákvæði til bráðabirgða í lögum um fæðingar- og foreldraorlof falli brott.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 33. gr. laga um sorgarleyfi er kveðið á um að fjárhæðir greiðslna til foreldris í sorgarleyfi og greiðslna sorgarstyrks skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Hér er lagt til að tekið verði sérstaklega fram í ákvæðinu að umræddar fjárhæðir skuli eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á fyrrnefndum greiðslum á grundvelli laganna, óháð því hvenær barnsmissir, andvanafæðing, fósturlát eða makamissir á sér stað.

Um 4. gr.

Í ljósi breytinga á lögum um sorgarleyfi, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarps þessa, eiga ákvæði til bráðabirgða II og ákvæði til bráðabirgða III í lögunum ekki lengur við. Hér er því lagt til að fyrrnefnd ákvæði til bráðabirgða í lögum um sorgarleyfi falli brott.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

DRÖG